

184. Stjórnarfundur Sorpstöðvar Suðurlands bs.

11. desember 2009, kl. 11:30 á Austurvegi 56.

Mætt: Örn Þórðarson, Ragnheiður Hergeirsdóttir, Ólafur Áki Ragnarsson og Guðmundur Tryggvi Ólafsson.

1. Umhleðsluaðstaða.

Lagðar fram kostnaðar- og rekstraráætlanir fyrir umhleðsluaðstöðu. Einnig lagðar fram teikningar. Gögnin yfirfarin. Framkvæmdastjóra falið að senda erindi til Sveitarfélagsins Ölfus og Árborgar þar sem viðhorf skipulagsyfirvalda vegna mögulegrar staðsetningar umhleðsluaðstöðu er könnuð.

2. Kirkjuferjuháleiga.

Lagt fram afsal og kaupsamningur fyrir Kirkjuferjuháleigu. Framkvæmdarstjóra falið að senda sveitarfélaginu erindi varðandi mögulega nýtingu á svæðinu.

3. Viðbragðsáætlun vegna náttúruhamfara og flensu.

Drög lögð fram til kynningar.

4. Urðunarstaður.

Framkvæmdastjóri upplýsti um stöðu vinnu við undirbúning á nýjum urðunarstað.

5. Samkomulag SOS og SORPU.

Lagður fram undirritaður viðauki við samkomulag SOS og SORPU 25.11.2009. Framkvæmdastjóra falið að senda aðildarsveitarfélögunum viðaukann.

6. Förgun ehf.

Lagt fram til kynningar milliuppgjör janúar- október 2009.

7. Önnur mál

- Flutningsjöfnun vegna blandaðs innihalds – tölvupóstur frá úrvinnslusjóði lagður fram til kynningar.
- Upprunavottorð- málið kynnt.
- Samráðsvettvangur – fundargerð frá 23. nóvember lögð fram til kynningar.

Næsti fundur ákveðinn 11. janúar kl 9:00-14:00.